

Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar hinna þriggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur, sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn hinna þriggja sveitarfélaga skulu afhent hinu nýja sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram þann 9. desember 2000, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins nýja sveitarfélags samkvæmt tillögu sameiningarnefndar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 24. október 2000.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um Happraetti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

23. gr. orðist svo:

Vinningar verða greiddir á þeim tíma sem auglýstur er í vinningaskránni á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í vinningaskránni.

Sá sem vinning hefur hlotið skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættisins, sem hefur ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á miðann vottorð um að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður síðan greiddur gegn afhendingu hluta-miðans og losnar happdrættið með því undan frekari greiðsluskyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betri rétt til vinningsins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinnings til handhafa hlutamiðans, áður en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðilar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Happdrættinu er heimilt að bjóða vinninga í skyndihappdrætti sem greiddir eru með reglubundnum útborgunum í ákveðinn tíma, enda komi fram í vinningaskrá fjárhæð hverrar greiðslu, lengd greiðslutímabils og tíðni greiðslna. Í tilviki slíks vinnings fær vinningshafi í hendur skuldabréf frá viðurkenndri fjármálastofnun sem tryggir rétt hans til útgreiðslu fjárhæðar samkvæmt vinningaskrá. Skuldabréfið skal gefið út þegar vinningsmiða er framvísað og miðast lengd greiðslutímabils við útgáfudag. Framsal happdrættisins á skuldabréfi til vinningshafa jafngildir greiðslu þess á slíkum vinningi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. október 2000.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*

30. október 2000

Nr. 791

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerðum er varða tollamál.

#### I. KAFLI

#### Breyting á reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimilt að taka aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir hafa skv. 1. mgr.

#### II. KAFLI

#### Breyting á reglugerð nr. 719/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi.

2. gr.

Í stað orðanna „tollstjórans í Reykjavík“ í 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kemur: tollstjóra þar sem vara var tollafgreidd.

#### III. KAFLI

#### Breyting á reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt þeim, getur m.a. varðað við 126. gr. og 130. gr. tollalaga.